

Reykjavík, 15. maí 2018
5.14

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um mengaðan jarðveg

Vísað er til draga að reglugerð um mengaðan jarðveg sem birt eru á samráðsgátt stjórnarráðsins, sbr. mál S-50/2018. Eftirfarandi eru athugasemdir Orkuveitu Reykjavíkur við frumvarpsdrögin en þær eru settar fram í nafni fyrirtækisins og dótturfélaga þess. Þar sem eftirleiðis er vísað til OR er því verið að vísa til samstæðunnar í heild sinni og afstöðu hennar.

Mikilvægt er að atvinnustarfsemi hér á landi verði lagðar línurnar hvað jarðvegsmengun varðar þannig að skyldur þeirra og eftirlitsaðila í þeim efnum séu skýrar. OR er því mjög hlynnt því að hér á landi taki gildi reglugerð um mengaðan jarðveg og telur fyrirtækið fyrirbyggjandi drög vera mjög gott fyrsta skref til að ná því markmiði sem stefnt er að. Hvetur OR því ráðuneytið til að hraða vinnu hennar þannig að hún geti tekið gildi sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,



Íris Lind Sæmundsdóttir
lögfræðingur



Hólmfríður Sigurðardóttir
umhverfisstjóri